



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldra

Á fundi borgarráðs, 20. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Nú var að koma hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldra vegna barna hjá dagforeldrum. Hækkunin er óveruleg, 3220 kr. sem hækkunin hljóðar uppá hjá giftum/sambúðarfólki með vistun í 8,5 tíma. Flokkur fólksins óskar eftir viðbrögðum og svörum frá skóla- og frístundasviði um hvernig talið er að þessi litla hækkun á niðurgreiðslu eigi eftir að skipta sköpum að heitið geti. Í raun er þetta nánasarleg hækkun og eins og margir hafa orðað það, dugur ekki fyrir einni pizzu. Fulltrúi Flokks fólksins taldi, miðað við umræðu í ágúst og september að hækkunin yrði talsvert hærri, í það minnsta að hún skipti sköpum í lífi fjölskyldna sem hér um ræðir.

Svar:

Reykjavíkurborg hefur lagt upp með að hækka ekki gjaldskrár umfram verðlagshækkanir. Gjaldskrár Reykjavíkurborgar tóku mið af forsendum fjárhagsáætlunar um hækkun verðlags árið 2022. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að til þess að viðhalda kaupmætti gjaldskráa og kostnaðarhlutdeild íbúa sé nauðsynlegt að leiðrétta gjaldskrár fyrir áfallinni verðbólgu eða sem nemur að lágmarki 4,5% stigum.

Framlög til barna hjá dagforeldrum í 8,5 tíma vistun í flokki I hækkuðu skv. þessu úr kr. 71.362 í kr. 74.575 þann 1. september 2022.

Skóla- og frístundaráð tekur ekki ákvarðanir um að hækka niðurgreiðslur eða gjaldskrár. Ákvarðanir um slíkt eru teknar í borgarráði.